

Amtsráðsskýrslur.

176

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 28. og 29. dag júním. 1882.

Ár 1882, 28. dag júním. var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanoi J. Havsteen með amtsráðsmönnum sira Arnljóti Ólafssyni og alþingismanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Eptir fyrir mælum landshöfðingja í brjefi, dagsettu 28. oktbr. 1880, athugaði og sagði amtsráðið álit sitt um afgjald Möðruvallaklausturs jarða, eptir að álit umboðsmanns og hlutadeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda hafði verið fengið. Hvað Grímsey viðvíkur, hafði þó eigi verið fengið nema álit umboðsmannsins, sem er vel kunnugur í Grímsey, með því það hefði of mjög tafið fyrir málinu, að leita álits hreppsnefndarinnar, þar sem samgöngur milli lands og eyjar eru mjög óvissar og strjálar; Grímseyjarhreppur getur fyrir þessar sakir aldrei átt fulltrúa í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, og hafði því heldur eigi verið leitað álits sýslunefndarinnar um afgjald þjóðjarðanna í Grímsey.

Ábúendur jarðarinnar Möðruvalla í Hörgárdal höfðu farið fram á, að jörðin Björg yrði framvegis algjörlega sameinuð Möðruvöllum og lögð í eyði sem sjerstök jörð. Hafði umboðsmaður mælt fram með því, að þessi ráðstöfun yrði gjörð, en sýslunefndin aptur á móti eigi álitid það ráðlegt. Amtsráðið áleit fyrir sitt leyti hentara, að jörðin Björg væri eigi lögð algjörlega niður sem sjerstakt býli, en sá aptur ekki neitt á móti því, að jörð þessi yrði byggð ábúendum Möðruvalla með venjulegum skilmálum, svo þeir gætu notað hana til ábúðar með fram Möðruvöllum.

Um jörðina Grashól í Presthólahrepp undir Munkaþverárklausturs umboð, sem amtsráðið áður hafði ekki getað sagt álit sitt um, vegna þess að engin hús fylgja jörðunni, var nú komið álit umboðsmanns, hreppsnefndar og sýslunefndar, og þar með bænarskrá hins núveranda ábúanda, sem hafði fengið byggingu fyrir jörðunni hið umliðna fardagaár fyrir 34 álnir, um að hann fengi lífstíðarábúð, helzt á þann hátt, að landssjóðurinn kaupi af honum hús þau, er hann á þar og leggi þau til jarðarinnar, og að landskuldin þá yrði hækkuð upp í 70 ál., en til vara sótti hann um, að fá jörðina húsalaus leigða til lífstíðar fyrir 50 ál. Á þessa síðari beiðni hafði umboðsmaður, hreppsnefnd og sýslunefnd fallizt, og fjellst amtsráðið einnig á hana að sínu leyti.

Þar næst var framlagt álit sýslumanns, hreppsnefndar og sýslunefndar um byggingu Helgustaða og hjáleigunnar Sigmundarhúsa eptirleidis, og var það samhuga álit þeirra að leigumálinn við ábúandaskipti skyldi vera 260 áln. landsskuld og 40 áln. kúgildaleigur, og skyldi ábúandi þar að auki standa landssjóði skil á helmingi landshluta af sildarveiði, sem jörðunni til falla. Amtsráðið áleit 240 ál. landsskuld hæfilega auk leigu af 2 kúgildum og helmings landshluta af sildarveiði.

2. Forseti lagði fram brjef umboðsmannsins yfir Möðruvallaumboði, dagsett 6. maí 1882 og þar með fylgjandi beiðni hins núverandi ábúanda á Þúfnavöllum um lækun á eptirgjaldinu eptir jörðina samkvæmt mati óvilhallra manna vegna skemmda af skriðuhlaupi. Með brjefinu fylgdi skoðunargjörð og álit hreppsnefndar og sýslunefndar, en samkvæmt skoðunargjörðinni og álitum nefndanna var 15 ál. hækkuð á landsskuldinni álitin hæfileg; umboðsmaður aptur á móti hafði lagt til, að 1 kúgildi yrði tekið af jörðunni, og fjellst amtsráðið á þessa tillögu umboðsmannsins, þannig að landsskuldin yrði hin sama og áður, en leigur 60 ál.; og er þetta
- 21. dag septbrmánaðar 1882.

176

samstætt tillögum amtsráðsins um leigumálann eptirleidis, þegar ábúandaskipti verða.

3. Þar næst var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins 1881 ásamt með fylgiskjölum; var reikningurinn endurskoðaður og ekkert að honum fundið, og hann því samþykktur af amtsráðinu.

4. Voru framlagðir eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld sjóða, sem eru undir umsjón amtsráðsins, fyrir árið 1881.

1. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins,

2. Búnaðarskólasjóðsins,

3. Jökulsárbrúarsjóðsins,

4. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,

5. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi og

6. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.

Þessir reikningar voru endurskoðaðir og ekkert að þeim fundið.

5. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 25. febr. þ. á., og þar með fylgjandi,

a. frumvarp til reglugjörðar fyrir búnaðarskólann á Hólum,

b. samning, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði gjört við búfræðing Jósef Björnsson um skólahaldið, og sem nefndin biður amtsráðið um að samþykkja.

c. áætlun um tekjur og gjöld skólans, og

d. bænarskrá til landshöfðingja um 300 kr. styrk til skólans handa námspiltum, af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði einstökum mönnum; sýslunefndin mæltist til að fá meðmæli amtsráðsins með fjárbeiðni þessari.

Um a. Með því Húnavatnssýsla og Eyjafjarðarsýsla eru ei búnar enn að semja við Skagafjarðarsýslu um fyrirhugaðan fjelagsskap um skólastofnunina á Hólum, fannst amtsráðinu það of snemmt að taka reglugjörðar frumvarpið til umræðu.

Um b. Amtsráðið þóttist eigi geta samþykkt samninginn nema fyrir fardagaárið 1882/83, vegna þess að til stæði, að bæði Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla fengi þátt í skólastofnuninni innan skamms tíma.

Um d. Amtsráðið mælti með því, að styrkurinn yrði látinn vera 100 kr.; sýslumaður gjörir semsje ráð fyrir 4 námspiltum á þessu ári, þannig að hver fái 50 kr. styrk, alls 200 kr., og amtsráðið gat því eigi mællt fram með, að styrkurinn úr landsjóði yrði meiri en helmingurinn af þessari upphæð.

6. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 15. apríl þ. á., þar sem hann biður um samþykki amtsráðsins til þess, að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu megi taka 6000 kr. lán úr landsjóði og nefndin í Norður-Þingeyjarsýslu 3000 kr. lán til fyrirhugaðs búnaðarskóla, er bæði sýslufjelöggin væru saman um, og að amtsráðið útvegi samþykki landsstjórnarinnar til, að Þingeyjarsýsla fái útborgaða sína tiltölu úr búnaðarskólasjóðnum, og heimti saman eptirleidis búnaðarskólagjaldið úr sýslunni skólanum til viðurhalds. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku, og mælti með því, að sýslan fengi sinn hluta af sjóðnum útborgaðan, og heimti saman gjaldið úr sýslunni eptirleidis í fyrsta skipti fyrir árið 1883.

7. Var framlagt bönarbrjef Jónasar búfræðings Eiríkssonar á Eiríksstöðum, 10. maí þ. á. til landshöfðingja um 600 kr. styrk af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði ein-

stökum mönnum, til þess að framast í búfræði á búnaðarháskóla erlendis. Amtsráðið mælti fram með þessari beiðni hans.

8. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, dagsett 21. febr. 1882, sem er svar upp á brjef amtsráðsins 21. desbr. 1881, þar sem það hafði látið í ljósi, að það þættist eigi hafa vald til þess samkvæmt 47. gr. hreppstjórarreglugjörðarinnar, að skipa sýslunefndinni í Suður-Þingeyjarsýslu að endurgjalda hreppstjóranum í Grýtubakkahrepp kostnað þann, er hann hefir haft við útvegum embættisbóka og ritfanga. Amtsráðið ályktaði samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, að útgjöldin til embættisbóka hreppstjóra ættu að greiðast af sýslusjóði.
9. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu 8. marz 1882, þar sem hann spyr að, hvort hann geti búizt við að fá endurgjöldinn kostnaðinn við að útvega sóttvarnarflagg, sem þörf væri á að setja upp á Eskifirði, til þess að leiðbeina aðkomandi skipstjórum um það, hvar þeir eigi að gjöra grein fyrir sjer, áður en skipshöfnin hafi mök við landsmenn, og bryggju, sem hlutaðeigendur gætu lagt að við. Amtsráðið áleit, að eigi væri þörf á bryggju, en leyfði, að kostnaðurinn við útvegum flaggs og stangar mætti greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins samkvæmt opnu brjefi 24. nóvember. 1856, sbr. brjef dómsmálastjórnarinnar 23. desbr. s. á.
10. Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhrepp., dagsett 16. nóvbr. 1881, þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, 14. febr. 1877, er ákveður, að meðlag hreppsins með ómaganum Þorvaldi Gunnlaugsyni frá 10. júlí 1876 til krossmessu 1877 skuli vera 74 kr. 75 aur., en hreppsnefndin vildi eigi gefa meira með tjeðum ómaga á nefndu tímabili, en 66 kr. 66 aura, sem sje 80 kr. fyrir heilt ár. Alit sýslunefndarinnar 28. nóvbr. 1881 var einnig framlagt. Tjeður ómagi hafði verið hjá þáverandi hreppsnefndarmanni Jóni Einarssyni á Laugalandi hinn umrædda tíma, og hafði hann krafizt þess, að meðlagið væri 2 kr. um vikuna eða 86 kr. alls, því svo hafi hreppsnefndin ályktað. Vorið 1877 var kosinn meiri hluti hreppsnefndarinnar í nefndum hreppi, og fór Jón Einarsson þá úr nefndinni, sem nú eigi vildi borga nema 66 kr. 66 aur. af nefndum 86 kr., sem væru of hátt meðlag í 43 vikur, en ekkert hafði verið bókað í gjörðabók nefndarinnar um þá ákvörðun hennar, að gefa Jóni Einarssyni 2 kr. um vikuna með ómaganum. Jón hafði reyndar áður komið fram með 3 vottorð frá meðnefndarmönnum sínum, að svo væri, og sjest það af úrskurði sýslunefndarinnar, að þessi vottorð hafi verið sýnd henni, en nú hafa þau glatazt, og hafði forseti ráðsins árangurslaust leitað þeirra hjá sýslumanni og Jóni Einarssyni. Hvað sem nú þessu líður, fjekk amtsráðið ekki betur sjeð, en að hjer væri að eins spursmál um samning milli hreppsnefndarinnar og Jóns Einarssonar, og að það yrði að ganga til dóms og laga, ef partarnir gætu eigi komið sjer saman. Sýslunefndin hefði því að áliti amtsráðsins eigi haft vald til þess að ákveða, að hreppsnefndin skyldi gefa meira með ómögum sínum, en hún sjálf vill, og af framlögðu brjefi sýslumannsins, 2. janúar 1882 sjest það enn fremur, að sýslunefndin hafði eigi fundið neitt að athuga við jafnaðarreikning hreppsins 18^{77/78}, en í honum var fært til inntektar það, sem hreppsnefndinni þótti ofborgað með ómaganum. Amtsráðið ályktaði því, að hreppsnefndin væri eigi bundin við úrskurð sýslunefndarinnar, 14. febr. 1877.
11. Framlagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 25. febr. 1882, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar leitar samþykkis amtsráðsins til að jafna niður til sýslu-

16. Forseti framlagði brjef sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu 13. júní 1882, þar sem hún fer fram á, að amtsráðið samþykki, að 9. og 10. yfirsetukvennahjeruðum sýslunnar verði breytt á þann hátt, að 10. umdæmið, sem nú nær yfir Skriðudals- og Vallahrepp, að eins skuli ná yfir Skriðudalshrepp og Vallahrepp út að Grímsá, þannig að takmörkin milli 9. og 10. umdæmanna verði Gílsá og Grímsá, og að 9. umdæmið, sem nú er Eyðapinghá, skuli ná yfir Eyðapinghá og Vallahreppsþæji austan og utan Grímsár og Gílsár. Amtsráðið samþykkti þessa breytingu.

176

17. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, 3. maí 1882 og þar með fylgjandi bænarskrá frá lieutenant C. Trolle um 2000 kr. styrk úr landssjóði til þess að halda áfram rannsóknnum sínum á fiskiveiðunum við Ísland; landshöfðingi skorar á amtsráðið að taka beiðni þessa til greina, þegar það semur tillögur sínar um það, hvernig verja skuli því fje, sem veitt er með 10. gr C 4 í fjárlögnum.

Amtsráðið gat eigi mælt fram með fjárbeiðni þessari að svo stöddu, þar sem það eigi enn hefir sjöð nokkurn árangur af samskonar fyrirtæki sækjandans í fyrra sum- ar að því leyti, sam snertir efling á sjávarútveg landsmanna.

18. Forseti framlagði brjef landshöfðingja 8. maí 1882 og þar með fylgjandi bænarskrá sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu, þar sem hún fer þess á leit, að gjörð verði ráðstöfun til að fiskiræktarmaður verði sendur þangað seinni hluta sumarsins til að leiðbeina mönnum að gjöra tilraunir með laxa- og silungauppfóstur og fleira, er að fiskirækt lýtur.

Landshöfðinginn lætur í ljósi í brjefi sínu, að það muni koma undir tillögum þeim frá hlutadeigandi sýslunefnd og amtsráði, er 10. gr. C 4. fjárlaganna gjörir ráð fyrir, hvort beiðni þessi verði tekin til greina, og var það álit amtsráðsins, að landssjóðurinn gæti ekki ráðizt í að stofna slík fyrirtæki, og það, sem hjer ræðir um, að svo stöddu, og að það væri nauðsynlegt, að það fyrst yrði svo undirbúið, að menn gætu gjört sjer hugmynd um framkvæmd á því, og að það yrði stofnað af einstökum manni eða fjelagi, áður en landssjóðurinn færi að leggja fje til styrktar þess.

19. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 24. marz 1882, og þar með fylgjandi bænarskrá sýslumannsins í Húnavatnssýslu um 600 kr. styrk úr landssjóði til kvennaskólans þar til ummæla amtsráðsins. Amtsráðið gat þess að það hefði ætlað skóla þessum að minnsta kosti 100 kr. úr jafnaðarsjóði á þessu ári, og að það áliti skóla þennan fullt eins góðan af ekki betri en kvennaskólann í Skagafirði.

20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 6. marz 1882, þar sem hann getur þess, að til sýslunefndarinnar hafi komið umkvörtun yfir því, að í einum hreppi sýslunnar væri sýsluvegabóttagjaldinu eigi jafnað niður eptir efnun og ástandi bænda, heldur eptir tölu þeirri, sem væri á hverju heimili af verkfærum karlmönnum, og ber upp þá fyrirsögn, hvort ákvörðuninni í 16. gr. tilsk. um veg- ina á Íslandi væri eigi breytt með sveitarstjórnartilskipuninni.

Amtsráðið gat eigi betur sjöð, en að það væri meining vegatilskipunarinnar, að fara skuli eptir tölu verkfærra karlmanna á vissum aldri til þess að finna upphæð gjaldsins fyrir allan hreppinn, og að þar næst skyldi jafna niður hinni fundnu gjaldupphæð eins og öðrum gjöldum hreppsins (eptir efnun og ástandi); tilsk. 15. marz 1861, 16. gr. væri eigi breytt með sveitarstjórnartilskipuninni að öðru leyti, en því, að þar sem hreppstjórinn og nokkrir þar til kvaddir menn áttu samkvæmt vegatilsk. að jafna því þjóðvegagjaldi, sem hver hreppur átti að svara eptir tölu

176 verkfæra karlanna á þeim aldri, sem tilskipunin tilgreinir, niður á menn eptir sömu reglum og aukaútsvarinu, þá væri það nú eptir sveitarstjórnartilskipuninni 4. maí 1872, 16. gr., hreppsnefndin, sem jafnaði niður vegabóttagjaldinu, sem hreppurinn á að nota til sýsluvegasjóðs samkvæmt tölu verkfæra karlanna þar í hreppnum, á sama hátt og öðrum útgjöldum hreppsins, sem fátækrafundin og aðrar tekjur hreppsins eigi hrökkva fyrir, sbr. 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

21. Reikningur yfir tekjur og gjöld kvennaskólans á Laugalandi með fylgiskjöllum var fram lagður; reikningur þessi var endurskoðaður og ekkert að honum fundið.
22. Forseti fram lagði brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, 23. janúar þ. á, viðvíkjandi athugasemd amtsráðsins við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir 1880, en samkvæmt þeirri athugasemd átti eign til næsta árs að vera 152 kr. 27 aur., en ekki eins og sýslumaður hafði talið 148 kr. 59 aur. Sýslumaður álitur, að þetta væri ritvillu að kenna viðvíkjandi sölu á trjám nokkrum, sem notuð höfðu verið við brúna yfir Slenju haustið 1879 og sendir afskrípt af fylgiskjalinu. Við samanburð á fylgiskjalinu og afskríptinni sást nú, að 10. liður fylgiskjalsins var talinn 28 kr. 80 aur. í staðinn fyrir 24 kr. 80 aur. Við þetta verður heldur engin breyting á útgjaldalið 6 (sölu- og innköllunarlaunum) og er eign sjóðsins til ársins 1881 því 148 kr. 59 a. Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

177 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlit með veiðimönnum frá Noregi. — Frá utanríkisstjórninni hefir borizt skýrsla um, að hinn konunglegi general-konsull í Niðarósi (Trondhjem) hafi vakið eptirtekt hennar á því, að enda þótt svo líti út, sem menn í norðurlands-amti hafi, eptir að hinar gildandi ákvarðanir um veiðiskap útlendinga við Ísland eru kunnar gjörðar Norðmönnum, hætt við að halda áfram að reka veiðiskap við strendur tjeðrar eyjar, sem þeir hafa áður gjört, þá sje hins vegar verið að gjöra út menn til veiða frá Björgvin og bæjunum þar fyrir sunnan, án þess vart verði við, að neinar aðrar ráðstafanir sjeu gjörðar.

Jafnframt og þetta er tilkynnt yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal þjónustusamlega á yður skorað, að brýna á ný fyrir lögreglustjórunum, sem í hlut eiga, að hafa nákvæmt eptirlit með því, að haldnar verði ákvarðanir þær, er gilda um aðgang útlendinga til veiðiskapar á Íslandi, samkvæmt fyrirmælum þeim, er um það eru gefin í brjefi ráðgjafans 7. febr. þ. á.

178 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um toll af «cider». — Í brjefi frá 24. júní þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá, að þjer hafið heimtað 5 aura aðflutningsgjald af hverjum potti af «cider», er rekið hafið í nokkrum ilátum af frönsku fiskiskipi, sem næstliðinn vetur strandaði fyrir Landeyjasandi, en með því að þjer sjálfir efizt um, að þetta sje rjett, hafið þjer spurt, hvort greiða skuli aðflutningsgjald af «cider», og ef svo skal vera, hve mikið gjald greiða skuli af hverjum pott.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að þar sem «cider» sá, er hjer ræðir um, mun vera svaladrykkur, sem franskir sjómenn nota að sínu leyti, eins og norskir og danskir sjómenn hafa «skipsöl» sjer til hressingar, virðist liggja næst, eins og þjer hafið gjört, herra sýslumaður, að heimta sama toll af honum og af öli.